Nr. 15.
4. júní.

Lög

um

breyting á gjaldheimtum til amtssjóða og sýslusjóða.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

1. grein.

Tilskipun um búnaðarskólagjald 12. febr. 1872, 3. og 4. gr., skal numin úr gildi. Búnaðarskólar þeir, er nú eru stofnaðir, eiga rjett á, að fá árlega úr jafnaðarsjóði hlutaðeigandi amts jafna upphæð búnaðarskólagjaldi því, er þeim nú er greitt.

2. grein.

Gjöldin til amts-jafnaðarsjóðanna, eptir niðurjöfnun amtsráðanna, skulu eptirleiðis greidd úr sjóðum sýslnanna. Gjöldin skiptast á sýslufjelögin eptir samanlagðri tölu lausafjár- og fasteignarhundraða að tveim þriðjungum og eptir tölu verkfærra karlmanna að einum þriðjungi í hverju sýslufjelagi um sig.

3. grein.

Gjöldum þeim til sýslusjóðanna, er sýslunefndirnar jafna niður, skal eptirleiðis skipt á hreppsfjelögin eptir samanlagðri tölu lausafjár- og fasteignarhundraða að tveim þriðjungum og eptir tölu verkfærra karlmanna að einum þriðjungi í hverju hreppsfjelagi um sig.

4. grein.

Rjett er að hreppsnefnd, ef hún óskar þess, feli hlutaðeigandi sýslumanni innheimtu á gjöldum hreppsbúa til sýslusjóðsins, eptir niðurjöfnun hreppsnefndar, er hún þá sendir sýslumanni fyrir þann tíma, er hann tekur til.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 4. júní 1898.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Rump.

Autoriseret Overſættelſe i Henhold til Lov 18de September 1891.

Lov

Nr. 15.
4de
Juni.

om

Forandring i Oppebørſelen af Afgiften til Amtskaſſer og Sysſelkaſſer.

Vi Chriſtian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holſten, Stormarn, Ditmarſken, Lauenborg og Oldenborg,

§ 1.

Forordning om Afgift til Landbrugsſkoler 12te Februar 1872 §§ 3 og 4 ophæves.

De allerede oprettede Landbrugsſkoler have Ret til aarlig at erholde af vedkommende Amts Repartitionsfond et Beløb af ſamme Størrelſe ſom den Landbrugsſkoleafgift, de nu oppebære.

§ 2.

Afgiften til Amtsrepartitionsfondene efter Amtsraadenes Ligning udredes herefter af Sysſelkaſſerne. Afgiften fordeles paa Sysſelkommunerne for to Tredjedele i Forhold til det ſamlede Antal af deres Løſegodshundreder og Jordhundreder og for en Tredjedel i Forhold til Antallet af arbejdsføre Mandsperſoner i hver Sysſelkommune.

§ 3.

De af Sysſelforſtanderſkaberne paalignede Ydelſer til Sysſelkaſſerne ſkulle herefter fordeles paa Repskommunerne for to Tredjedele i Forhold til det ſamlede Antal af deres Løſegodshundreder og Jordhundreder, og for en Tredjedel i Forhold til Antallet af arbejdsføre Mandsperſoner i hver Repskommune.

§ 4.

Hvis Repsforſtanderſkabet ønſker ſaadant, kan det overdrage vedkommende Sysſelmand Opkrævningen af Repsbeboernes Ydelſer til Sysſelkaſſen efter Repsforſtanderſkabets Ligning, ſom det i ſaa Fald tilſtiller Sysſelmanden inden den af denne faſtſatte Tid.

Hvorefter alle vedkommende ſig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 4de Juni 1898.

Miniſteriet for Island, den 4de Juni 1898.

Rump.

Ólafur Halldórsson.

(Optrykt Side).